

SAMÞYKKT

fyrir Tungufljótsdeild Veidifélags Árneseinga.

1. gr.

Félagið heitir Tungufljótsdeild og starfar sem deild samkvæmt 13. gr. samþykktar Veidifélags Árneseinga.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður Tungufljótsdeildar er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur jarða og eigendur landareigna sem veiðirétt eiga í Tungufljóti í Árneseyslu en þær eru:

- | | |
|-------------------|--------------------|
| 1. Hrosshagi | 14. Vatnsleysa III |
| 2. Torfastaðir | 15. Heiði |
| 3. Vegatunga | 16. Höfði |
| 4. Litla-Fljót I | 17. Lambhúskot |
| 5. Litla-Fljót II | 18. Hvítárakki |
| 6. Reykjavellir | 19. Bræðratunga 1 |
| 7. Brautarhóll | 20. Bræðratunga 2 |
| 8. Stóra-Fljót | 21. Ásakot 1 |
| 9. Norðurbrún | 22. Ásakot 2 |
| 10. Fell | 23. Galtalækur |
| 11. Fellskot | 24. Borgarholt |
| 12. Vatnsleysa I | 25. Krókur |
| 13. Vatnsleysa II | 26. Bergsstaðir |

4. gr.

Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og arðsemi veiðihlunninda, t.d. með fiskirækt og að ráðstafa veiði, í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, formanni og tveimur meðstjórnendum. Þeir eru kosnir til þriggja ára á aðalfundi félagsins, þó þannig að einn gengur úr stjórn árlega fyrstu tvö árin, og ræður þá hlutkesti. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk þess skal kjósa tvo menn í varastjórn og tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir úr stjórn skv. hlutkesti fyrsta árið. Þá skal kosinn löggiltur endurskoðandi til eins árs í senn.

6. gr.

Stjórnin sér um allar framkvæmdir félagsins, milli aðalfunda, gerir samninga um veiðileigu, ef aðalfundur vill ráðstafa veiði á þann hátt. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórnin skiptir arði, sem verður af seldum veiðileyfum, skv. gildandi arðskrá. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á

stjórnarfundu. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundu ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundu skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundu skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundu skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda í apríl, þó ávallt fyrir aðalfund Veiðifélags Árnesinga. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fiskistofu, 22. janúar 2010.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.